Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
laugavegi 174, 105 reykjavík, iceland
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619
mmr@mmr.is, www.mmr.is

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu til ákvörðunar forseta Íslands um Icesave
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 22. febrúar 2011
Fjöldi bls: Alls 3 blaðsíður

60,7% styðja ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin
57,7% myndu staðfesta Icesave lögin í þjóðaratkvæðagreiðslu

MMR kannaði viðhorf Íslendinga til ákvörðunar forseta Íslands um að hafna nýjustu Icesave lögunum samþykkis. Af þeim sem tóku afstöðu voru 60,7% sem sögðust styðja ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá voru 57,7% þeirra sem tóku afstöðu sem sögðust myndu kjósa með lögunum kæmu þau til atkvæðagreiðslu í dag, það er að samþykkja lögin.

Áberandi andstaða var við ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki nýju Icesave lögin meðal stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, en 74,3% þeirra kváðust ekki styðja ákvörðun forsetans. Á hinn bóginn voru 76,5% þeirra sem sögðust ríkisstjórninni andvígir sem kváðust styðja ákvörðun forsetans.

Ef horft er til afstöðu til komandi Icesave kosninga eftir stuðningi við stjórnmálaflokka má sjá að helmingur Sjálfstæðismanna (49,9%) hyggst kjósa með Icesave lögunum samanborið við 37,4% Framsóknarmanna, 83,1% Vinstri-grænna og 96,7% Samfylkingarfólks.





Spurt var: Styður þú ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu? og Ef kosið yrði um nýjustu Icesave lögin í dag, hvort myndir þú kjósa með eða á móti? Svarmöguleikar voru sem að ofan greinir ásamt því sem svarendur gátu valið ‚veit ekki' eða ‚vil ekki svara'.
Samtals tóku 90,1% afstöðu til spurningar um ákvörðun forsetans og 74,7% tóku afstöðu til spurningar um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu.

Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
laugavegi 174, 105 reykjavík, iceland
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619
mmr@mmr.is, www.mmr.is

Afstaða eftir stuðningi við stjórnmálaflokka og stuðningi við ríkisstjórnina (töflur):

		Styður þú ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki nýjustu Icesave lögin og vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu?		
		Já, ég styð ákvörðun forsetans	Nei, ég styð ekki ákvörðun forsetans	Fjöldi svara
Allir	Allir	60,7%	39,3%	100%
Styður þú ríkisstjórnina?	Já	25,7%	74,3%	100%
	Nei	76,5%	23,5%	100%
Stuðningur við stjórnmálaflokka	B: Framsóknarflokkinn	77,7%	22,3%	100%
	D: Sjálfstæðisflokkinn	70,9%	29,1%	100%
	S: Samfylkinguna	10,8%	89,2%	100%
	V: Vinstrihreyfinguna-grænt framboð	30,7%	69,3%	100%

Þeir sem tóku afstöðu

		Ef kosið yrði um nýjustu Icesave lögin í dag, hvort myndir þú kjósa með eða á móti?		
		Ég myndi kjósa með lögunum (samþykkja þau)	Ég myndi kjósa á móti lögunum (hafna þeim)	Fjöldi svara
Allir	Allir	57,7%	42,3%	100%
Styður þú ríkisstjórnina?	Já	87,9%	12,1%	100%
	Nei	40,3%	59,7%	100%
Stuðningur við stjórnmálaflokka	B: Framsóknarflokkinn	37,4%	62,6%	100%
	D: Sjálfstæðisflokkinn	49,9%	50,1%	100%
	S: Samfylkinguna	96,7%	3,3%	100%
	V: Vinstrihreyfinguna-grænt framboð	83,1%	16,9%	100%

Þeir sem tóku afstöðu

Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.
laugavegi 174, 105 reykjavík, iceland
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619
mmr@mmr.is, www.mmr.is

Upplýsingar um framkvæmd:
Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*
Könnunaraðferð: Netkönnun*
Svarfjöldi: 771 einstaklingur
Dagsetning framkvæmdar: 20.-21. febrúar 2011
Nánari upplýsingar veitir: Elfa Sif Logadóttir (elfa@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.
Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.